

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 87/1995.

Óli P. Barðdal

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1995 um dómkvaðningu matsmanna. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að hafnað verði kröfu varnaraðila um, að annar dómkvaddra matsmanna verði lögfræðingur.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur rekur sóknaraðili mál á hendur varnaraðila til heimtu skaðabóta vegna líkamstjóns. Hefur varnaraðili beðið um dómkvaðningu matsmanna til að gefa lýsingu á heilsufarslegu ástandi sóknaraðila og meta fjárhagslega örorku hans. Í þinghaldi 10. febrúar sl. mótmælti sóknaraðili þeirri ráðagerð, að annar dómkvaddra matsmanna yrði lögfræðingur. Voru mótmæli á því reist, að lögfræðingur hefði ekki til að bera meiri þekkingu á matsefninu en dómari, er leggja mun endanlegan dóm á efnishlið málsins, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili hefur óskað eftir matsgerð og farið þess á leit, að annar matsmanna verði lögfræðingur. Kostnaður vegna matsgerðarinnar fellur á hann sjálfan samkvæmt 2. mgr. 63. gr. laga nr. 91/1991 nema að því leyti, sem tillit kynni að vera tekið til þess kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar. Við úrlausn um efnishlið málsins kemur í hlut héraðsdómara að meta sönnunargildi matsgerðarinnar,

þar á meðal, hvort einhverjir þeir brestir kunni að vera á þekkingu matsmanna á matsefninu, sem áhrif hafi á gildi hennar. Standa þá engin rök til þess að játa sóknaraðila rétti til þeirrar íhlutunar í málalílbúnað varnaraðila, sem hér er deilt um. Samkvæmt því verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1995.

Í þinghaldi í máli þessu 10. þ. m. var tekið fyrir að dómkveðja matsmenn að beiðni lögmanns stefnda um dómkvaðningu matsmanna, dags. 28. desember 1994. Dómari lagði til, að dómkvaddir yrðu lækningar og lögfræðingur. Dómkvaðningu matsmanna var ekki mótmælt af hálfu lögmanns stefnanda að öðru leyti en því, að hann mótmælti því, að dómkvaddur yrði lögfræðingur sem matsmaður, en kvaðst ekki mótmæla því, að dómkvaddir yrðu tveir lækningar. Lögmaður stefnda krafðist þess, að annar dómkvaddra yrði lögfræðingur.

Lögmaður stefnanda kvað ástæðu mótmæla sinna vera þá, að lögfræðingur sem matsmaður hefði ekki til að bera meiri þekkingu en dómáráðir þeir, sem kunni að leggja endanlegan dóm á deiluefnið, og kvaðst um þetta vísa til 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Lögmaður stefnda benti hins vegar á, að fyrir hendi væru lögfræðingar, sem hefðu sérstaka þekkingu á því ágreiningsefni, sem matsmönnum er ætlað að leggja mat á, og reynslu á því sviði.

Að ósk lögmanns stefnanda var málið tekið til úrskurðar um framkomna kröfu lögmanns stefnda um, að annar dómkvaddra matsmanna yrði lögfræðingur.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991 verður að telja, að aðila sé allajafna heimilt, sé lögvörðum hagsmunum til að dreifa, að fá dómkvadda matsmenn, æski hann þess, enda greiðir hann þann kostnað, sem af því leiðir, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sömu laga. Með þessum hætti ber matsbeiðandi sína ábyrgð á því, að dómkvaðning matsmanna fer fram. Um sönnunargildi og þýðingu matsgerðar fer eftir öðrum atvikum, er síðar kunna að koma til. Samkvæmt efni fram lagðrar matsbeiðni lögmanns stefnda þykir ekki óeðlilegt, að annar dómkvaddra matsmanna sé lögfræðingur, og ekki leitt í ljós neitt það, sem mælir sérstaklega gegn því. Ber því

að taka til greina þá kröfu lögmanns stefnda, að annar dómkvaddra matsmanna verði lögfræðingur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa lögmanns stefnda, sbr. beiðni um dómkvaðningu matsmanna í málinu nr. E-8178/1994, að annar dómkvaddra matsmanna verði lögfræðingur, er tekin til greina.
